# Íslenska 9. bekkur

Kennarar: Einar Daði Reynisson; Helga Björg Flóventsdóttir 9

## Skólaárið

2023 -2024

## Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur verður kennsla samþætt í íslensku og samfélagsgreinum. Unnið verður í lotum sem við köllum Skorpur. Helstu námsþættir vetrarins eru lestur og bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun, framsögn og tjáning.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Skólaárið:

Bækunar Laxdæla og Sterk verða lesnar og fjölbreytt verkefni unnin í tengslum við þær.  Einnig verða lesnir fjölbreyttir bókmenntatextar.

Í málfræði verður farið í sagnorð og smáorð.

Unnið verður jafnt og þétt með stafsetningu og ritun.

## Námsaðlögun

Námsefnið verður aðlagað sem best að þörfum hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

## Námsmat

Verkefni, próf, sjálfsmat og jafningjamat.

## Námsgögn

Laxdæla, Sterk, Með fjaðrabliki og efni frá kennara.

## AS Íslenska 9. bekkur 2019 - 2024 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirmælum og nýtt tímann vel
- vandað vinnubrögð og lagt sig fram við námið
- verið kurteis og tillitssamur

## AS Íslenska 9. bekkur 2019 - 2024 - Talað mál og hlustað

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- geti hlustað af virðingu á aðra hvort sem um upplestur eða samræður er að ræða

## AS Íslenska 9. bekkur 2019 - 2024 - Lestur og bókmenntir

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- þekkt til grunnhugtaka í bókmenntafræði
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því

## AS Íslenska 9. bekkur 2019 - 2024 - Ritun

- beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar

## AS Íslenska 9. bekkur 2019 - 2024 - Málfræði

- beitt þekkingu sinni við að finna óbeygjanleg orð í texta og greint í undirflokka þeirra
- beitt þekkingu sinni við að finna sagnorð í texta og greint beygingarform þeirra